

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Newcastle-veiki í fuglum í Bandaríkjunum er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15. nóvember 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. október 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*